

VIII. KAFLI

Viðurlög og gildistaka.

14. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 77 28. maí 1984, um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarda á íslenskum skipum, svo og önnur lagaákvæði sem brjóta kynnu í bága við lög þessi.

Ákvæði til bráðabirgða.

- A. Þeim vélstjórarmönnum, er starfað hafa á undanþágu í a. m. k. 24 mánuði hinn 1. janúar 1985, skal boðið upp á vélstjórarnámskeið sem haldin verða í öllum landshlutum skólaárin 1984—1985 og 1985—1986 til öflunar takmarkaðra vélstjórnarréttinda. Námskeið þessi veiti réttindi til yfirvélstjórastarfa á skipum með vélarstærð allt að 750 kw. (VS III). Menntamálaráðuneytið skal sjá um framkvæmd námskeiðanna og ákveða námsefni í samvinnu við Vélaskóla Íslands.
- B. Að fengnum tillögum nefndar um undanþágur, sbr. 8. gr. laganna, er samgönguráðherra heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. greinarinnar að veita þeim mönnum, sem fæddir eru á árinu 1934 eða fyrr og starfað hafa s. l. 10 ár á undanþágu við vélstjórn, ótímabundin takmörkuð réttindi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

**um breyting á lögum nr. 91/1982, um málefni aldraðra,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

10. gr. laganna hljóðar svo:

Tekjur sjóðsins eru:

1. Tekjur af sérstöku gjaldi sem skattstjórar leggja á þá sem skattskyldir eru skv. lögum um tekju- og eignarskatt. Skal gjaldið nema kr. 580 á hvern gjaldanda árið 1985. Þó skulu börn innan 16 ára aldurs og þeir, sem eru 75 ára eða eldri, undanþegin gjaldinu, svo og þeir sem hafa tekjuskattsstofn undir kr. 115 500. Þá skal skattstjóri og fella gjald þetta niður af þeim elli- og örorkulífeyrisþegum sem dveljast á dvalar- og hjúkrunar-

heimilum. Framangreindar fjárhæðir skulu breytast árlega í samræmi við skattgjaldsvísitölu. Um álagningu og innheimtu gjaldsins skulu gilda sömu reglur og gilda um tekjuskatt og eignarskatt. Gjald þetta skal lagt á næstu 3 ár, 1985—1987.

2. Frjáls framlög og aðrar tekjur er til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

Í miðmánuði hvers ársfjórðungs innheimtuársins skal fjármálaráðuneytið skila Framkvæmdasjóði aldraðra fjórðungi áætlaðra tekna sjóðsins skv. þessari grein.

2. gr.

11. gr. laganna hljóðar svo:

Sjóðurinn skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins. Stjórn sjóðsins annast samstarfsnefnd um málefni aldraðra, sbr. 3. gr. og 5. tl. 4. gr. Er samstarfsnefndin fjallar um málefni Framkvæmdasjóðs aldraðra skal fulltrúi, tilnefndur af fjárveitinganefnd Alþingis, taka sæti í nefndinni.

Sjóðstjórn gerir árlega tillögur til ráðherra um úthlutun.

3. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

Hlutverk sjóðsins er:

1. Að styrkja byggingu þjónustuíbúða og verndaðra þjónustuíbúða fyrir aldraða.
2. Að styrkja byggingu dvalarheimila fyrir aldraða.
3. Að styrkja byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða á vegum einkaaðila.
4. Að styrkja breytingar og endurbætur á dvalarstofnunum aldraðra sem nauðsynlegar eru og leiðir af ákvæðum þessara laga.
5. Önnur verkefni sem sjóðstjórn mælir með og ráðherra samþykkir.

Sjóðstjórn er heimilt að verja 30% tekna Framkvæmdasjóðs aldraðra árlega til styrktar byggingu hjúkrunarrýmis á vegum sveitarfélaga. Styrkurinn skal við uppgjör dragast frá heildarbyggingarkostnaði.

4. gr.

13. gr. laganna hljóðar svo:

Um framkvæmdir skv. 12. gr. fer skv. lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.